

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir  
Skuggasundi 1  
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. febrúar 2016  
2016020010/42-0  
JGO/tb

## Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun

Vísað er til heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun. Frestur til að skila umsögnum var til 9. þ.m., en Náttúrufræðistofnun þakkar fyrir að hafa fengið lengri frest.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við það

### *Almennt*

Fjallað er um hlutverk Umhverfisstofnunar í mörgum lögum, en hér er gerð tilraun til að setja saman hin ólíku verkefni stofnunarinnar í ein lög með það að markmiði að skýra hlutverk stofnunarinnar. Frumvarpið er mjög óskýrt og bætir ekki gildandi lög um stofnunina nr 90/2002 hvað yfirsýn á verkefni hennar varðar, sbr. eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar.

### *7. gr. frumvarpsins, Náttúruvernd*

Hér er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar í náttúruverndarmálum. Í 1. mgr. eru talin upp nokkur almenn atriði sem stofnuninni ber að sinna og í 2. mgr. er kveðið á um leiðbeiningarskyldu stofnunarinnar varðandi leiðir til að draga úr "neikvæðum áhrifum mannlegra athafna" og skyldu til að gera ráðstafanir til að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Miðað við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um margvíslegar skyldur stofnunarinnar á þessu sviði er upptalningin í 1. mgr. mjög almenn og takmörkuð. Engin tilvísun er til náttúruverndarlaganna þar sem hlutverki Umhverfisstofnunar á sviði náttúruverndar eru gerð mjög góð skil, sbr. t.d. 13. gr. laganna.

Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins í greinargerð er sagt að í 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga sé "kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar, m.a. hvað varðar verndarmarkmið." Það er hvergi minnst á Umhverfisstofnun í þessum greinum, sem fjalla um markmið laganna. Síðari mgr. 7. gr. frumvarpsins er óljós og hvergi vísað til þessa hlutverks í öðrum lögum að því undanskyldu að í greinargerð segir að "leiðbeiningar stofnunarinnar koma m.a. fram í þeim umsögnum sem hún veitir, m.a. á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010". Ekki er ljóst hvort leiðbeiningarskyldan sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. og lýtur að því að draga úr "neikvæðum áhrifum af athöfnum manna" á náttúruna er nýmæli eða með tilvísun í önnur lög. Í athugasemd við greinina segir að leiðbeiningarskyldan lúti að því



að draga úr "neikvæðum áhrifum mannvirkjagerðar" á náttúruna. Hvergi minnst á "mannlegar athafnir".

Hlutverk Umhverfisstofnunar er mjög vel skilgreint í náttúruverndarlögum. Það sama verður ekki sagt um 7. gr. frumvarpsins, hún er mjög óskýr og getur valdið misskilningi. Betra hefði verið að vísa til hlutverks Umhverfisstofnunar í náttúruverndarlögum en að vera með óskipulega upptalningu, sem ekki er tæmandi.

#### *9. gr. frumvarpsins, Verndun og sjálfbærar veiðar*

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar í veiðistjórnun og skyldur til að leiðbeina um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og spendýra. Hlutverki og skyldum stofnunarinnar á þessu sviði er lýst með skýrum hætti í villidýralögunum svo kölluðu, nr. 64/1994, en enga tilvísun til þeirra er að finna í greininni. Texti greinarinnar er hins vegar mjög óljós og er aðeins til þess fallinn að gera hlutverk stofnunarinnar óskýrara. Þar að auki er kveðið á um nýtt hlutverk Umhverfisstofnunar í 1. mgr. 9. gr., sem ekki á sér stöð í öðrum lögum og engin rök sett fram fyrir þessari nýjung. Stofnunin skal skv. frumvarpinu annast leiðbeiningu um "verndarstöðu" einstakra tegunda. Í athugasemdum við greinina í greinargerð segir ekkert um þessa nýju skyldu en í stað þess er í athugasemdunum vísað til hlutverks Náttúrufræðistofnunar og sagt að það styðji "eðlilega við við hlutverk Umhverfisstofnunar á sviði verndunar og sjálfbærra veiða".

Hlutverk Umhverfisstofnunar er mjög vel skilgreint í villidýralögunum. Það sama verður ekki sagt um 9. gr. frumvarpsins, hún er mjög óskýr og getur valdið misskilningi. Betra hefði verið að vísa til hlutverks Umhverfisstofnunar í villidýralögunum en að vera með óskipulega upptalningu og "nýjungar", sem valdið geta misskilningi í verkaskiptingu stofnana.

#### *10. gr. frumvarpsins, Sjálfbær neysla og hollustuhættir*

Ákvæði greinarinnar eru mjög óljós. Umhverfisstofnun skal stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu með veitingu leyfa. Hvaða leyfa? Engin tilvísun í önnur lög og enga vísbendingu er að finna í athugasemdum við greinina í greinargerðinni. Aðeins sagt að "stuðlað verði að því að framleiðsla og neysla miðist við þolmörk náttúrunnar og að auðlindanotkun verði skilvirk og sjálfbær". Hvað er átt við þegar sagt er að framleiðsla og neysla skuli miðast við þolmörk náttúrunnar? Að sjálfbær nýting skuli miðast við þolmörkin? Þolmörkin eru bjarbrúnin, sem ekki má stíga fram af ef ekki á illa að fara. Þetta þarf að skýra betur og tilgreina hvaða leyfisveitingar falla undir ákvæði greinarinnar.

Í 1. mgr. er einnig kveðið á um skyldu stofnunarinnar til að leiðbeina um heilnæman lífsstíl. Hvað er heilnæmur lífsstíll, greinargerðin skýrir það ekki? Eigi að nota þetta hugtak þarf að skilgreina það í frumvarpinu (lagatexta) og sama er að segja um hugtakið "sjálfbær neysla".

#### *14. gr. frumvarpsins, Verndun vatns og hafs*

Í 2. mgr. segir m.a. að stofnunin skuli hafa umsjón með vöktun, en ekki kemur fram hvað eigi að vakta. Í athugasemdum við greinina í greinargerð segir að "um þennan málaflokk gilda lög nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Þau lög snúast fyrst og fremst um mengun, er átt við að vöktunin taki eingöngu til mengandi efna eða einnig til lífríksins? Þetta þarf að vera skýrt í frumvarpstextanum.

#### *16. gr. frumvarpsins, Landsbundin vöktun*

Hér er lagt til að Umhverfisstofnun skuli "vinna tillögur um vöktunaráætlun fyrir umhverfi í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir". Þessi tillaga gengur þvert á vöktunarákvæði



annarra laga er taka til náttúrunnar. Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, sem tóku gildi 15. nóvember sl. er t.d. kveðið á um eftirfarandi í 74 gr.: "Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur heildstæða áætlun um vöktun, sbr. 1. mgr. og skipuleggur framkvæmd hennar. Stofnunin getur haft samstarf við aðra aðila um vöktun....Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á birtingu niðurstaðna vöktunar og miðlar upplýsingum um þær" Í 75. gr. sömu laga er Umhverfisstofnun hins vegar falið að sinna "eftirliti" með sambærilegum hætti. Margar stofnanir á Íslandi hafa skyldum að gegna varðandi upplýsingagjöf samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur undirgengist, t.d. Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknastofnun og gera það yfirleitt með fullnægjandi hætti. Umhverfisstofnun hefur einnig skyldum að gegna, t.d. gagnaskilum til Evrópsku umhverfisstofnunarinnar. Á þessi atriði er ekki minnst í athugasemdum við greinina í greinargerð, sem er mjög einkennilegt. Vandséð er hvað vinnst með því að búa til eitthvert óskilgreint fyrirbæri sem heitir "landsbundin vöktun" og fela einni stofnun, Umhverfisstofnun, að vinna tillögur að allri náttúruvöktun og hafa umsjón með henni. Á Umhverfisstofnun t.d. að "vinna vöktunaráætlanir" fyrir Veðurstofuna, Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun? Um þetta mætti skrifa langt mál, en það verður ekki gert að þessu sinni í von um að ákvæði þessarar greinar frumvarpsins verði felld brott áður en lengra er haldið.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

